

Eftirlit með rafhlöðum, rafgeymum og raf- og rafeindatækjaúrgangi 2016

Samantektarskýrsla um eftirlit árið 2016

Samantekt

Árið 2016 var farið í 40 eftirlit til alls 23 fyrirtækja sem ýmist voru framleiðendur eða innflytjendur rafhlaða, rafgeyma og raf- og rafeindatækja eða sölu- og dreifingaraðilar rafhlaða og rafgeyma. Allir aðilarnir í eftirlitinu þurftu að gera úrbætur hjá sér sem vörðuðu ýmist tunnummerki á vöru, upplýsingaskyldu, móttöku og efnainnihald. Alls voru 152 vörur skoðaðar og voru gerðar athugasemdir í 78 tilvikum.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá greiningu á fjölda frávik/athugasemda hjá mismunandi flokkum eftirlitsþega.

Eftirlit	Frávik/ athugasemdir	Hlutfall
Móttaka á notuðum rafhlöðum og rafgeymum (athugasemd)	Móttöku vantaði hjá 13 sölu- og dreifingaraðilum rafhlaðna	Í 68% tilfella skorti móttöku
Tunnummerki (frávik)	Tunnummerki vantaði á 12 raf- og rafeindatæki og 3 rafhlöður og rafgeyma	Í 14% tilfella vantaði tunnummerki á raf- og rafeindatæki. Í 4% tilvika vantaði tunnummerki á rafhlöður og rafgeyma
Innihald kadmíum og kvikasilfurs (athugasemd)	Upplýsingar um innihald kadmíum og kvikasilfurs skorti á 30 vörum hjá innflytjenda eða sölu- og dreifingaraðila rafhlaðna og rafgeyma	Í 45% tilvika vantaði upplýsingar um innihald kadmíum og kvikasilfurs
Upplýsingagjöf til neytenda (frávik)	Upplýsingagjöf til neytenda skorti á 17 raftækjum og 3 rafhlöðum og rafgeymum	Í 81% tilfella vantaði upplýsingar varðandi raf- og rafeindatæki, í 4% tilfella vantaði upplýsingar með rafhlöðum og rafgeymum.

Niðurstaða eftir tveggja ára eftirlit er að frávik eða athugasemdir hafa fundist hjá öllum fyrirtækjunum en þau hafa líka flest verið fljót að bregðast við og bæta úr. Einnig var unnið með Sambandi íslenskra sveitarfélaga að auglýsingu til sveitarfélaga og farið í eftirlit með framkvæmd Úrvinnslusjóðs á löggjöfinni.

1. Formáli

Eftirlit þetta byggir á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, reglugerð nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma og reglugerð nr. 442/2015 um raf- og rafeindatækjaúrgang. Markmið eftirlitsins er að hækka söfnunarhlutfall þessa úrgangs, fylgja eftir banni og takmörkunum á tilteknum efnum í rafhlöðum og rafgeymum og sjá til þess að upplýsingagjöf fyrirtækja til viðskiptavina sé fullnægjandi.

Samkvæmt reglugerðunum er Umhverfisstofnun falið eftirlit með framkvæmd reglugerðanna og hefur því sett upp áætlun þess efnis fyrir tímabilið 2015–2017.

Eftirlitið felur í sér að skoða hvort **framleiðendur og innflytjendur rafhlaðna og rafgeyma**:

- Veiti kaupendum upplýsingar um flokkun, meðhöndlun og efnainnihald vara sinna
- Séu skráðir í skráningarkerfi fyrir framleiðendur og innflytjendur
- Selji einungis vörur merktar tunnumerki
- Fari eftir takmörkunum á efnainnihaldi skv. reglugerð

Í eftirliti með **sölu- og dreifingaraðilum rafhlaðna og rafgeyma er athugað** hvort:

- Tekið sé á mótí notuðum rafhlöðum og rafgeymum
- Farið sé eftir takmörkunum á efnainnihaldi skv. reglugerð

Í eftirliti með **raf- og rafeindatækjum hjá framleiðendum og innflytjendum** er skoðað hvort:

- Aðilar séu skráðir í skráningarkerfi fyrir framleiðendur og innflytjendur
- Kaupendum séu veittar upplýsingar um flokkun og meðhöndlun þessara vara
- Varan beri tunnumerki

Auk þessa ber Umhverfisstofnun að hafa eftirlit með því að aðrir aðilar nefndir í ofangreindum reglugerðum sinni skilgreindu hlutverki sínu, m.a. sveitarfélög og Úrvinnslusjóður. Tilgangur þessarar skýrslu er að upplýsa um framgang og niðurstöður eftirlits síðasta árs.

2. Undirbúningur

Í eftirlitinu 2016 var fyrst og fremst haft eftirlit með þeim aðilum sem flytja inn mesta magnið af rafhlöðum, rafgeymum og raf- og rafeindatækjum. Farið var í eftirlit á höfuðborgarsvæðinu, Norðurlandi, Suðurlandi og Reykjanesi.

Upplýsingar um innflytjendur voru fengnar frá Tollstjóra. Árið 2015 voru innflytjendur raf- og rafeindatækja um 2.700, þar af voru 2.200 á höfuðborgarsvæðinu og 500 á landsbyggðinni, og innflytjendur rafhlaðna og rafgeyma 810, þar af 721 á höfuðborgarsvæðinu og 189 á landsbyggðinni.


Listi yfir sölu- og dreifingaraðila rafhlaðna og rafgeyma var fenginn frá Creditinfo og voru það aðilar sem féllu undir flokkana: matvöruverslanir, raftækjaverslanir, bifreiðaumboð og birgjar.

3. Framkvæmd

Eftirlitið hófst í apríl og lauk í nóvember en nokkur tími fór í annars vegar skrif á eftirlitsskýrslum og bréfum og hins vegar í eftirfylgni og aðstoð við eftirlitsþega. Eftirfylgni ársins 2016 er lokið.

Framkvæmd eftirlitsins er þannig að aðilar eru valdir eftir magni þeirra raftækja, rafhlaða og rafgeyma sem þeir flytja inn, og fást þær upplýsingar frá Tollinum. Byggt á magni þá eru fyrirtækin fyrirfram valin og farið er til þeirra í fyrirvaralaust eftirlit. Á myndinni hér fyrir neðan er ferill eftirlitsins rakinn, en misjafnt er hversu mikið eftirlitið dregst á langinn eða allt þar til

fyrirtæki ræðst í úrbætur samkvæmt frávikum eða athugasemdum úr eftirliti. Eftirlitin geta því tekið frá mánaðar tíma upp í 6-8 mánaða ferli af frestum til úrbóta og áminningum ef ekki er brugðist við. Eftirlitsþegar senda staðfestingu á Umhverfisstofnun um úrbætur sem stofnunin hefur kallað eftir, séu þær fullnægjandi er eftirlitinu lokið.



Frávik og athugasemdir sem fyrirtæki fá geta verið allt frá því að rafhlöður innihaldi of mikið magn af kadmíum eða kvikasilfri yfir í að sinna ekki upplýsingaskyldu sinni varðandi t.d. flokkun og förgun varanna. Í flestum tilfellum hafa þetta verið auðveldar lagfæringar fyrir fyrirtækin.

Eftirlit vegna reglugerðar nr. 442/2015

Eftirlit var framkvæmt hjá 21 aðilum sem flytja inn raf- og rafeindatæki á höfuðborgarsvæðinu og á Norðurlandi, Suðurlandi og Reykjanesi. Alls voru 86 raf- og rafeindatæki skoðuð hjá eftirfarandi aðilum.

Höfuðborgarsvæðið	Norðurland	Suðurland/ Reykjanes
Einar Farestveit og Co hf.	Ásbyrgi – Flóra ehf	Árvirkinn
Elko ehf.	Dekkjahöllin ehf.	Bústoð
Johan Rönnung hf.	Ferró Zink hf	Jötunn vélar ehf
Nýherji hf.	Rafeyri ehf	Loftækni
Rafborg ehf.	Streymi heildverslun ehf	Ludviksson ehf
Rafha ehf.		
Rekstrarfélag 10-11 ehf.		
Rúmfatalagerinn ehf.		
Síminn hf.		
Sjónvarpsmiðstöðin ehf.		
Tölvutek ehf.		

Eftirlit vegna reglugerðar nr. 1020/2011

Eftirlit var framkvæmt hjá 19 aðilum sem flytja inn rafhlöður og rafgeyma á höfuðborgarsvæðinu, Norðurlandi, Suðurlandi og Reykjanesi. Alls voru 66 rafhlöður og rafgeymar skoðaðar hjá eftirfarandi aðilum.

Höfuðborgarsvæðið	Norðurland	Suðurland/Reykjanes
Bónus	Ásbyrgi Flóra	Árvirkinn
Einar Farestveit og Co hf.	Dekkjahöllin ehf	Jötunn vélar ehf
Elko ehf.	Ferró Zink hf	
Johan Rönnung hf.	Rafeyri ehf	
Nýherji hf.		
Rafborg ehf.		
Rafha ehf.		
Rekstrarfélag 10-11 ehf.		
Rúmfatalagerinn ehf.		
Síminn hf.		
Sjónvarpsmiðstöðin ehf.		
Tölvutek ehf.		
Víðir ehf.		

Eftirlit með sölu- og dreifingaraðilum

Eftirlit var framkvæmt hjá 19 sölu- og dreifingaraðilum rafhlaðna og rafgeyma, 13 á höfuðborgarsvæðinu og 4 á Norðurlandi og 2 á Suðurlandi/Reykjanesi. Í öllum tilfellunum þar sem um var að ræða innflytjanda rafhlaðna og rafgeyma var sami aðili sölu- og dreifingaraðili.

Höfuðborgarsvæðið	Norðurland	Suðurland/Reykjanes
Bónus	Ásbyrgi Flóra	Árvirkinn
Einar Farestveit og Co hf.	Dekkjahöllin ehf	Jötunn vélar ehf
Elko ehf.	Ferró Zink hf	
Johan Rönnung hf.	Rafeyri ehf	
Nýherji hf.		
Rafborg ehf.		
Rafha ehf.		
Rekstrarfélag 10-11 ehf.		
Rúmfatalagerinn ehf.		
Síminn hf.		
Sjónvarpsmiðstöðin ehf.		
Tölvutek ehf.		
Víðir ehf.		

4. Niðurstöður

4.1. Eftirlit með framleiðendum og innflytjendum

Árið 2016 var farið í 40 eftirlit til alls 23 fyrirtækja sem ýmist voru framleiðendur eða innflytjendur rafhlaða, rafgeyma og raf- og rafeindatækja eða sölu- og dreifingaraðilar rafhlaða og rafgeyma. Allir aðilarnir í eftirlitinu þurftu að gera úrbætur hjá sér sem vörðuðu ýmist tunnúmeri á vöru, upplýsingaskyldu, móttöku og efnainnihald. Sjá má frekari greiningu á því í eftirfarandi töflu. Alls voru 152 vörur skoðaðar og voru gerðar athugasemdir í 78 tilvikum. Eftirfylgni tók töluvert meiri tíma en gert var ráð fyrir þar sem meira var um athugasemdir og frávik en áætlað var.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá greiningu á fjölda frávika/athugasemda hjá mismunandi flokkum eftirlitsþega.

Eftirlit	Frávik/ athugasemdir	Hlutfall
Móttaka á notuðum rafhlöðum og rafgeymum (athugasemd)	Móttöku vantaði hjá 13 sölu- og dreifingaraðilum rafhlaðna	Í 68% tilfella skorti móttöku
Tunnumerki (frávik)	Tunnumerki vantaði á 12 raf- og rafeindatæki og 3 rafhlöður og rafgeyma	Í 14% tilfella vantaði tunnúmeri á raf- og rafeindatæki. Í 4% tilvika vantaði tunnúmeri á rafhlöður og rafgeyma
Innihald kadmíum og kvikasilfurs (athugasemd)	Upplýsingar um innihald kadmíum og kvikasilfurs skorti á 30 vörum hjá innflytjenda eða sölu- og dreifingaraðila rafhlaðna og rafgeyma	Í 45% tilvika vantaði upplýsingar um innihald kadmíum og kvikasilfurs
Upplýsingagjöf til neytenda (frávik)	Upplýsingagjöf til neytenda skorti á 17 raftækjum og 3 rafhlöðum og rafgeymum	Í 81% tilfella vantaði upplýsingar varðandi raf- og rafeindatæki, í 4% tilfella vantaði upplýsingar með rafhlöðum og rafgeymum.

Niðurstaða eftir tveggja ára eftirlit er að fyrirtæki eru flest öll fljót að bregðast við en eins og fjöldi frávika og athugasemda segir til um er víða pottur brotinn. Því er ljóst að mikil þörf er á að hafa eftirlit með þessum málaflokkum. Í mörgum tilfellum er verið að fara til innflytjenda og þannig er séð til þess að sölu- og dreifingaraðilar séu að fá bæði réttar vörur í hendurnar og einnig að þær beri réttar merkingar og upplýsingar.

4.2 Eftirlit með sveitarfélögum

Í báðum reglugerðum kemur fram að sveitarfélögum beri að taka gjaldfrjálst á móti notuðum rafhlöðum, notuðum rafgeymum og raf- og rafeindatækjaúrgangi frá heimilum auk leiðbeininga um meðhöndlun hans þegar hann er orðinn úrgangur.

Árið 2015 var sent út bréf með spurningakönnun, í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga. Í bréfinu var óskað eftir upplýsingum um stöðu þessara mála. Spurningarnar má sjá í eftirlitsskýrslu ársins 2015.

Í framhaldinu var ákveðið að Umhverfisstofnun í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga myndu gera auglýsingu sem sveitarfélög geta birt á vefsíðum sínum. Þannig verði samræmdar upplýsingar birtar til allra íbúa á landinu og sveitarfélög sem hafa minni úrræði en hin stærri aðstoðuð við að koma þessum upplýsingum á framfæri. Einnig mun sú auglýsing virka sem þrýstingur á sveitarfélög um að framfylgja skyldum sínum samkvæmt reglugerðunum. Auglýsingin hefur verið send sveitarfélögum.



4.3 Eftirlit með Úrvinnslusjóði

Í desember 2016 var farið í eftirlit til Úrvinnslusjóðs til að fara yfir framkvæmd og eftirlit með ýmsum atriðum í reglugerðunum tveimur sem Úrvinnslusjóður ber ábyrgð á.

Umhverfisstofnun gerði athugasemdir við fjögur atriði sem sjóðnum bar að gera úrbætur á. Atriðin fjögur vörðuð upplýsingar um söfnun og förgun á raf- og rafeindatækjaúrgangi, áætlun um hvernig sjóðurinn ætlar með frekari hætti að sinna upplýsinga- og fræðsluskyldu sinni, upplýsingar um hvernig sjóðurinn tryggir söfnun og móttöku raf- og rafeindatækjaúrgangs alls staðar á landinu og útskýringar á því af hverju endurnýtingar- og endurvinnsluhlutföll raf- og rafeindatækja fyrir flokkinn lítill heimilstæki taka verulega dýfu á milli árána 2012 og 2013, sem heldur áfram árið 2014.

Sjóðurinn hafði til 20. febrúar til að gera úrbætur eða áætlun þar um sem hann og gerði og eftirliti með sjóðnum var því lokið í mars 2017.